



Nýtt fjárhagskerfi – Dýpri greining

Eigandi: Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri
fjármála- og áhættustýringarsviðs

Þarfagreining

Þjónusta og stuðningur við Unit4 fjárhagskerfi borgarinnar er að leggjast af í núverandi mynd. Boðið er upp á yfirfærslu í skýjalausn, en slík yfirfærsla krefst sambærilegrar vinnu og innleiðing á nýju kerfi. Kerfið hefur verið í notkun hjá Reykjavíkurborg frá 1998 og inniheldur fjölda sérsniðinna lausna sem vilji stendur til að einfalda eða losna við. Sem stendur liggur ekki fyrir hverjar framtíðarþarfir borgarinnar eru né hvaða kerfi myndi henta best. Fyrsta þarfagreining hefur farið fram og ljóst er að þörf er á enn ítarlegri greiningu.

Áskorun

- Þjónusta við núverandi kerfi er að hætta.
- Núverandi kerfi hefur verið í notkun síðan 1998 og mikið um séraðlaganir sem þarf að kortleggja.
- Niðurstaða þarfagreiningar er að ferlar eru flóknari en búist var við. Þörf er á enn ítarlegri greiningu en gert var ráð fyrir.
- Yfirferð á bókhaldslíkani og gagnaflæði er nauðsynleg.
- Nauðsynlegt er að fá faglega aðstoð við val á lausn sem uppfyllir þarfir borgarinnar.

Markmið

- Greining á notkun allra kerfishluta núverandi kerfis.
- Ná utan um tækifærin og þarfir sem framtíðarkerfi þarf að geta uppfyllt.

Áætlaður ávinningur (ábatamat)

- Uppfært fjárhagskerfi sem mætir nútímakröfum og framtíðarþörfum Reykjavíkurborgar, með tryggðum stuðningi frá birgja.
- Með ítarlegri greiningu má forðast óhagkvæm kerfiskaup, hvort sem um er að ræða of umfangsmikið eða of takmarkað kerfi. Þannig er hægt að draga úr rekstraráhættu, bæta nýtingu fjármuna og auka skilvirkni í fjármálastjórn.

Tímalína

September 2025 – Febrúar 2026

Kostnaður

Heildarkostnaður 70,2 m. kr.
Eignasjóður 70,2 m. kr.
Rekstur 0 kr.

Verkefnastjóri: Bergdís Björk Sigurjónsdóttir

Verkefnateymi: Erik Tryggvi Striz Bjarnason, Jónas Skúlason, Snorri Snorrason og Hannes Agnarsson Johnson

Stafrænn leiðtogi: Erna Kristjánsdóttir